



ÚTBOÐSSKILMÁLAR RÍKISVÍXLA

Útboð 13. janúar 2015

- Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, hefur ákveðið að bjóða út ríkisvixla í samræmi við fjárlög fyrir árið 2015 og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 43/1990, um lánasýslu ríkisins með síðari breytingum og samningi milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu ríkissjóðs dags. 18. október 2010. Markmið útgáfunnar er að afla ríkissjóði fjár og bæta vaxtamyndun á innlendum skuldabréfamarkaði. *Útboðsdagur er þriðjudagur 13. janúar 2015. Greiðsludagur er fimmtudagur 15. janúar 2015.*
- Í boði verða eftirfarandi flokkar ríkisvixla:

Flokkur	ISIN	Lokagjalddagi
RIKV 15 0415	IS0000025245	15.04.2015
RIKV 15 0715	IS0000025443	15.07.2015

Seðlabankinn áskilur sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, hluta eða hafna þeim öllum. Útboðinu verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkt verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu.
- Ríkisvixlarnir verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og er nafnverðseining ein íslensk króna, þ.e. nafnverð og fjöldi eininga eru það sama. Ríkisvixlar eru án verðtryggingar.
- Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlupi á heilum milljónum króna.
- Tilboð má einungis senda til Seðlabankans í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 10:30 og 11:00 á útboðsdegi (miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í verðum, með þremur aukastöfum.
- Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við Markaðsviðskipti og fjárstýringu hjá Seðlabanka Íslands í síma 569 9633. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjáum í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Seðlabankanum fyrir kl. 11:00 á útboðsdegi. Ef vandamál verður vegna notkunar á Bloomberg-útboðskerfinu gilda skilmálar þeir sem falla undir „Form of Auction Process & BAS Back Up Memorandum“ sem send hafa verið aðalmiðlurum.
- Ríkissjóður áskilur sér rétt til þess að hafna tilboðum í heild eða taka tilboðum að hluta.
- Niðurstöður útboðsins verða tilkynntar til NASDAQ á Íslandi og sendar aðalmiðlurum með tölvupósti.
- Greiðsla fyrir ríkisvixla skv. tilboðum sem tekið verður í útboðinu, þarf að berast Seðlabankanum fyrir kl. 14:00 á greiðsludegi, og verða bréfin afhent rafrænt sama dag. Berist greiðsla ekki á réttum tíma áskilur ríkissjóður sér rétt til að krefja tilboðsgjafa um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.
- Ríkissjóður greiðir skuld skv. framangreindum ríkisvixlum á gjalddaga. Rísi mál út af ríkisvixlum þessum eða ágreiningi um túlkun skilmála má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991. Um fyrningu krafna gilda ákvæði víxillaga nr. 93/1933.
- Ríkisvixlar eru stimpilfrjálsir skv. lögum nr. 79/1983. Um skattskyldu eða skattfrelsi ríkisbréfa, svo og vexti af þeim, fer eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt eins og þau eru á hverjum tíma. Ríkisvixlar eru framtalsskyldir.
- Þessir ríkisvixlar eru skráðir í NASDAQ á Íslandi.